

# 38. fundur bæjarstjórnar

38. fundur bæjarstjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2010-2014, haldinn miðvikudaginn 20. febrúar 2013 kl. 17:00 í Ráðhúsi Árborgar, Selfossi.

**Neðanskráðir bæjarfulltrúar eru mættir:**

Ari Björn Thorarensen, D-lista, forseti bæjarstjórnar,  
Eypór Arnalds, D-lista,  
Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista,  
Gunnar Egilsson, D-lista,  
Kjartan Björnsson, D-lista,  
Helgi Sigurður Haraldsson, B-lista,  
Eggert Valur Guðmundsson, S-lista,  
Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista,  
Andrés Rúnar Ingason, varamaður, V-lista.

Auk þess situr fundinn Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, og Rósa Sif Jónsdóttir sem ritar fundargerð.

Forseti bæjarstjórnar setti fundinn og leitaði afbrigða að taka á dagskrá lántökur 2013 ásamt beiðni Bjarna Harðarsonar um lausn frá störfum sem varabæjarfulltrúi. Var það samþykkt samhljóða.

**Dagskrá:**

**I. 1302181**

**Beiðni Bjarna Harðarsonar um lausn frá störfum sem varabæjarfulltrúi**

Beiðni Bjarna Harðarsonar um lausn frá störfum var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

**II. Fundargerðir til staðfestingar**

1. a) 1301009

Fundargerð

fræðslunefndar 28. fundur  
frá 10. janúar

b) 123. fundur bæjarráðs ( 1301006 )  
) frá 17.  
janúar

2. a) 124. fundur bæjarráðs ( 1301006 )  
) frá 24.  
janúar

3. a) 1301007  
Fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar 49.  
fundur frá 23. janúar

b) 125. fundur bæjarráðs ( 1301006 )  
) frá 31.  
janúar

4. a) 1301010  
Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar 33.  
fundur frá 29. janúar

b) 1301011  
Fundargerð íþróttá- og menningarnefndar 1.  
fundur frá 29. janúar

c) 1301008  
Fundargerð

félagsmálanefndar 25.  
fundur frá 30. janúar

d) 126. fundur bæjarráðs ( 1301006 )  
) frá 7.  
febrúar

**Úr fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, til afgreiðslu:**

– liður 2, málsnr. 1205364 – Deiliskipulag miðbæjar Selfoss. Lögð fram til afgreiðslu tillaga að deiliskipulagslýsingu deiliskipulagstillögunnar. Lagt er til að skipulagslýsingin verði kynnt almenningi og leitað verði eftir umsögn umsagnaraðila í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

– liður 3, málsnr. 1207067 – Aðalskipulagsbreyting göngustígar meðfram Hóla- og Helluhverfi. Lögð fram til afgreiðslu tillaga að skipulagslýsingu af breytingunni, lagt er til að skipulagslýsingin verði kynnt almenningi og leitað verði eftir umsögn umsagnaraðila í samræmi við 1. mg. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

– liður 6, málsnr. 1202229 – Tillaga að breyttu deiliskipulagi að Hafnargötu, Stokkseyri. Tillagan hefur verið auglýst og engar athugasemdir borist, lagt er til að deiliskipulagstillagan verði samþykkt.

– liður 13, málsnr. 1106045 – Tillaga að breyttu aðalskipulagi og deiliskipulagi búgarðabyggðar í Byggðarhorni, lagt er til við bæjarstjórn að óska heimildar Skipulagsstofnunar til að auglýsa tillöguna í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

#### **Úr fundargerð félagsmálanefndar, til afgreiðslu:**

– liður 1, málsnr. 1301214, – Reglur um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur í Árborg 2013

– liður 2, málsnr. 1301215 – Reglur um fjárhagsaðstoð 2013

– liður 3, málsnr. 1301216 – Reglur um verkaskiptingu milli félagsmálanefndar Árborgar og starfsmanna félagsþjónustu Árborgar 2013

– liður 4, málsnr. 1301361 – Gjaldskrá í félagslegri heimaþjónustu 2013

– liður 5, málsnr. 1301353 – Greiðslur til stuðningsfjölskyldna á grunni laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 árið 2013.

5. a) 127. fundur bæjarráðs ( 1301006 ) frá 14. febrúar

6. a) 1301009

Fundargerð fræðslunefndar

29. fundur

frá 14. febrúar

– liður 1 a) Andrés Rúnar Ingason, V-lista, tók til máls um fundargerð fræðslunefndar frá 10. janúar, lið 6, málsnr. 1208041 – Vinnuhópur um sérfræðipjónustu leik- og grunnskóla í Árborg og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Ég lýsi vonbrigðum með að ekki skuli hafa verið orðið við tilmælum fulltrúa V-lista á þessum fundi um að leita eftir formlegri umsögn og viðræðum við Skólaskrifstofu Suðurlands um efnisatriði skýrslunnar um sérfræðipjónustu skóla í Árborg.“

Andrés Rúnar Ingason, varabæjarfulltrúi V-lista.

– liður 1 b) Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 17. janúar, lið 3, málsnr. 1301057 – Beiðni Rannveigar Önnu Jónsdóttur um afnot af herbergi að Túngötu 40, Blátúni, Eyrarbakka, til að nota fyrir Konubókastofu.

– liður 1 b) Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 17. janúar, lið 4, málsnr. 1011089 – Styrkbeiðni Sæbýlis ehf, afsláttur af heitu vatni 2012.

Eypór Arnalds, D-lista, tók til máls.

– liður 1 b) Andrés Rúnar Ingason, V-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 17. janúar, lið 6, málsnr. 1210005 – Söluferli Pakkhússins.

Eypór Arnalds, D-lista, og Kjartan Björnsson, D-lista, tóku til máls.

– liður 2 a) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 24. janúar, lið 7, málsnr. 1301154 – Málefni hjúkrunarheimila.

Eypór Arnalds, D-lista, Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, og Gunnar Egilsson, D-lista,

tóku til máls.

– liður 3 b) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 31. janúar, lið 7, málsnr. 1203112 – Fundargerð stjórnar Sandvíkurseturs ehf.

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls.

-liður 3 b) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 31. janúar, lið 8, málsnr. 1206166 – Bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga vegna fjárhagslegra viðmiða sveitarstjórnarlaga.

Eypór Arnalds, D-lista, tók til máls.

– liður 4 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar – liður 2, málsnr. 1205364 – Deiliskipulag miðbæjar Selfoss. Lagt er til að skipulagslýsingin verði kynnt almenningi og leitað verði eftir umsögn umsagnaraðila í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, Eypór Arnalds, D-lista, og Andrés Rúnar Ingason, V-lista, tóku til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

– liður 4 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar – liður 3, málsnr. 1207067 – Aðalskipulagsbreyting göngustígar meðfram Hóla- og Helluhverfi. Lagt er til að skipulagslýsingin verði kynnt almenningi og leitað verði eftir umsögn umsagnaraðila í samræmi við 1. mg. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

– liður 4 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar – liður 6, málsnr. 1202229 – Tillaga að breyttu deiliskipulagi

að Hafnargötu Stokkseyri. Tillaga hefur verið auglýst og engar athugasemdir hafa borist. Lagt er til að deiliskipulagstillagan verði samþykkt.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

– liður 4 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar – liður 13, málsnr. 1106045 – Tillaga að breyttu aðal- og deiliskipulagi búgarðabyggðar í Byggðarhorni. Lagt er til að óska heimildar Skipulagsstofnunar á að auglýsa tillöguna í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, og Eypór Arnalds, D-lista, tóku til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

– liður 4 b) Kjartan Björnsson, D-lista, tók til máls um fundargerð íprótta- og menningarnefndar frá 29. janúar.

Andrés Rúnar Ingason, V-lista, tók til máls.

– liður 4 b) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð íprótta- og menningarnefndar frá 29. janúar, lið 3, málsnr. 1103146 – Undirbúningur að landsmótum UMFÍ 2012 og 2013 í Árborg.

Andrés Rúnar Ingason, V-lista, Kjartan Björnsson, D-lista, tóku til máls.

– liður 4 b) Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls um fundargerð íprótta- og menningarnefndar frá 29. janúar, lið 5, málsnr. 1301321 – Þátttökugjöld í félags- og ípróttastarfi og stuðningur sveitarfélagsins.

Helgi S. Haraldsson, B-lista, og Kjartan Björnsson, D-lista, tóku til máls.

– liður 4 c) Fundargerð félagsmálanefndar – liður 1, málsnr.

1301214 –Reglur um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur í Árborg 2013. Lagt er til að reglurnar verði samþykktar.

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls og óskaði eftir að bókun hans frá 126. fundi bæjarráðs verði færð inn í fundargerðina:

„Undirritaður er mótfallinn því að gera þá kröfu til umsækjenda um félagslegt leiguhúsnæði að þeir þurfi að hafa átt lögheimili í Sveitarfélaginu Árborg í a.m.k. þrjú ár í stað eins árs eins og verið hefur. Undirrituðum þykja það hæpin rök að þessi aðgerð sé nauðsynleg til þess að stytta biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði. Að gera breytingar á þennan hátt hjálpar ekkert þeim hópi sem á í alvarlegum húsnæðisvanda og er eingöngu að því er virðist fallin til að gera vandamálið minna sýnilegt. Undirritaður vekur athygli á því að t.d hjá Vestmannaeyjabæ og Kópavogsbæ er reglan sú að umsækjendur um félagslegt leiguhúsnæði hafa þurft að eiga lögheimili í það minnsta 6 mánuði áður en þeir geta sótt um. Á Akureyri er þess eingöngu krafist að umsækjandi sé með lögheimili í sveitarfélaginu þegar sótt er um. Í Mosfellsbæ sem er sveitarfélag af svipaðri stærðargráðu og Svf. Árborg gildir sú regla að umsækjendur þurfa að hafa átt

lögheimili í sveitarfélaginu í eitt ár. Sama regla gildir í Reykjanesbæ.“ Eggert Valur Guðmundsson, bæjarfulltrúi S-lista.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista og Andrés Rúnar Ingason, V-lista, tóku til máls og tóku m.a. undir bókun Eggerts Vals Guðmundssonar.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum fulltrúa B- og D-lista gegn þremur atkvæðum fulltrúa S- og V-lista.

– liður 4 c) Fundargerð félagsmálanefndar – liður 2, málsnr. 1301215 – Reglur um fjárhagsaðstoð 2013. Lagt er til að reglur um fjárhagsaðstoð verði samþykktar.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

– liður 4 c) Fundargerð félagsmálanefndar – liður 3, málsnr. 1301216 – Reglur um verkaskiptingu milli félagsmálanefndar Árborgar og starfsmanna félagsþjónustu Árborgar 2013. Lagt er til að reglurnar verði samþykktar.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

– liður 4 c) Fundargerð félagsmálanefndar – liður 4, málsnr. 1301361 – Gjaldskrá í félagslegri heimþjónustu 2013. Lagt er til að gjaldskráin verði samþykkt.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

-liður 4 c) Fundargerð félagsmálanefndar – liður 5, málsnr. 1301353 – Greiðslur til stuðningsfjölskyldna á grunni laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 árið 2013. Lagt er til að greiðslur til stuðningsfjölskyldna verði samþykktar.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

– liður 6 a) Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, tók til máls um fundargerð fræðslunefndar frá 14. febrúar, lið 1, málsnr. 1302081 – Efling skólastarfs og sérfræðiþjónustu í Árborg og fylgdi úr hlaði eftirfarandi tillögu sem samþykkt var af fræðslunefnd:

„Í ljósi þeirrar vinnu sem fram hefur farið um mótun framtíðarsýnar fyrir sérfræðiþjónustu skóla í Sveitarfélaginu Árborg, þar sem lögð er áhersla á þróun þjónustunnar til hagsbóta fyrir notendur hennar, leggur fræðslunefnd til við bæjarstjórn að sveitarfélagið segi sig úr byggðasamlagi um Skólaskrifstofu Suðurlands og taki alla sérfræðiþjónustu til sín og felli hana að stjórnkerfi sínu.“

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls og lagði fram eftirfarandi breytingatillögu fyrir sína hönd og Andrésar Rúnars Ingasonar, V-lista:



Undirrituð leggja til að valin verði leið 1 samkvæmt úttektarskýrslu Trausta Þorsteinssonar og Gunnars Gíslasonar á sérfræðipjónustu skóla í Sveitarfélaginu Árborg.

„Undirrituðum þykir eðlilegt að eiga samtál við stjórn og fulltrúa skólaskrifstofu hvort sú þjónusta sem í boði er samrýmist ekki þeim framtíðarhugmyndum sem Svf. Árborg hefur í fræðslumálum svo ekki sé gripið til jafn afdrifaríkra afleiðinga og segja sig að fullu úr byggðasamlagi um skólaskrifstofu.“

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista

Andrés Rúnar Ingason, V-lista

Eyþór Arnalds, D-lista, og Andrés Rúnar Ingason, V-lista, tóku til máls

Breytingatillagan var borin undir atkvæði og felld með 6 atkvæðum fulltrúa D-lista og Eggerts Vals Guðmundssonar, S-lista. Helgi S. Haraldsson, B-lista, sat hjá.

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, Andrés Rúnar Ingason, V-lista, og Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, tóku til máls.

Tillaga fræðslunefndar var borin undir atkvæði og samþykkt með sjö atkvæðum fulltrúa D-lista, Helga S. Haraldssonar, B-lista og Eggerts Vals Guðmundssonar, S-lista, gegn tveimur atkvæðum Örnú Írar Gunnarsdóttur, S-lista, og Andrésar Rúnars Ingasonar, V-lista.

Helgi S. Haraldsson, B-lista, gerði grein fyrir atkvæði sínu.

Þegar fyrstu hugmyndir meirihluta sjálfstæðismanna í Svf. Árborg um að segja sig úr Skólaskrifstofu Suðurlands komu upp, voru þær mjög einhliða. Þar var pólitíkin að verki án þess að fram færi skoðun meðal skólasamfélagsins í sveitarfélaginu um skoðun þess á málinu, kosti og göllum. Úr varð að samþykkt var að fá sérfræðinga til að skoða málið ásamt einstaklingum úr skólasamfélaginu, bæði úr leik- og grunnskólum sveitarfélagsins. Niðurstaða þessa hóps liggur fyrir þar sem

allir eru sammála um að gera þurfi breytingar á stöðunni eins og hún er í dag. Meirihluti hópsins, fjórir fulltrúar af fimm, leggja til að sveitarfélagið segi sig úr SKS og byggji upp sína eigin öfluggu þjónustu og færa fyrir því ýmis rök í niðurstöðu sinni. Fimmti fulltrúinn vill breytingar en gera þær í samstarfi við SKS. Á þessum niðurstöðum hljóta hinir kjörnu fulltrúar m.a að byggja niðurstöðu sína þegar ákvörðun er tekin.

Formaður fræðslunefndar, sem einnig er bæjarfulltrúi meirihluta Sjálfstæðismanna, lagði fram tillögu í fræðslunefnd þar sem hann rökstyður þá ákvörðun að segja sig úr samstarfinu í SKS og talar hann m.a um að hægt verði að auka stöðugildi í þessum málflökki um 2,5-3 umfram þau 2 sem áætlað er að séu innan SKS í þjónustu við Svf. Árborg. Þarna er sleginn tónn meirihluta Sjálfstæðismanna um að auka eigi verulega við þjónustu í fræðslumálum og er það vel. Því það eru jú börnin og unglíngarnir sem eiga að fá alla þá þjónustu sem hægt er að veita til að aðstoða þau í gegnum skólagönguna og undirbúa þau fyrir lífið framundan.

Það er ljóst að ákvörðun um að segja sig úr samstarfi við önnur sveitarfélög um rekstur SKS mun ekki falla öllum í geð. Vel má vera að einhver sveitarfélög sjái tækifæri við þær breytingar meðan önnur gera það ekki. Meðan það hefur legið í loftinu að Svf. Árborg muni segja sig úr þessu samstarfi hafa þó engin sveitarfélög komið að málið við Svf. Árborg til að ræða þessa væntanlegu stöðu og má furða sig á því að þau hafi ekki gert það ef þeim er umhugað um þetta samstarf. Það má vel vera að annað samstarf sveitarfélaga á Suðurlandi sé í uppnámi vegna þessarar ákvörðunar, en þó skal minnt á það að þegar Svf. Ölfus sagði sig úr þessu samstarfi heyrðist ekki mikið og það látið gott heita. Einnig má benda á að það eru ekki öll sveitarfélög á Suðurlandi í samstarfi um skólaskrifstofuna, ekki frekar en það að þau taka ekki öll þátt í mörgum sameiginlegum verkefnum á svæðinu. Þegar tekin er ákvörðun um samstarf er það væntanlega byggt á því að það

sé viðkomandi aðilum í hag að vinna saman að einstökum málum, frekar en ein og sér.

Úrsögn úr SKS þarf að skila fyrir 1.júlí nk. ef segja á sig úr samstarfinu. Vel má vera að önnur sveitarfélög og Svf.Árborg vilji ræðast við fram að þeim tíma til að kanna hvort flötur sé á að gera þessar breytingar á annan hátt þrátt fyrir þessa samþykkt, það er spurning en þá þarf að koma þeim áhuga á framfæri, ekki bara og sitja og bíða.

Engar samþykktir eru þannig að ekki megi breyta þeim seinna.

Helgi S Haraldsson, bæjarfulltrúi B-lista.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls og óskaði eftir að bókun hennar og fulltrúa V-lista frá 29. fundi fræðslunefndar verði færð inn í fundargerðina.

Undirrituð lýsa ánægju sinni með þá vinnu sem hefur farið fram síðastliðna mánuði í mótun framtíðarsýnar sérfræðipjónustu skóla í Sveitarfélaginu Árborg. Það var augljóslega tímabært að fara í slíka vinnu því eins og fram kemur í skýrslu Trausta Þorsteinssonar og Gunnars Gíslasonar hefur Sveitarfélagið Árborg ekki mótað sér ákveðna sýn um hvers konar þjónustu megi vænta frá Skólaskrifstofu Suðurlands né að það hafi einhverjar væntingar til hennar.

Miðað við þá vinnu sem hefur farið fram í vinnuhópnum og niðurstöður í úttektarskýrslunni geta undirrituð ekki séð annað en að hugmyndir Sveitarfélagsins Árborgar um þróun og framtíðarsýn á sérfræðipjónustu skóla geti auðveldlega orðið að veruleika með áframhaldandi aðild að byggðasamlaginu um SKS.

Það er skoðun undirritaðra að skólarnir í sveitarfélaginu eigi afar sterkt bakland í þeirri þjónustu sem SKS veitir. Með sérfræðipjónustu með mörgum fagmönnum er hægt að veita fjölbreyttari og öflugri þjónustu en mögulegt er með færra starfsfólki. Með öflugri sérfræðipjónustu verður til breið

þekking og fagleg deigla sem skilar sér í betri þjónustu öllum til heilla. Afar mikilvægt er að með sérfræðipjónustu sem sinnir svo mörgum skólum og raunin er með SKS verður til reynsla í flóknum einstaklingsmálum sem koma upp í skólum víðs vegar á svæðinu jafnvel með löngu millibili. Eftir því sem sérfræðipjónustan sinnir færri nemendum myndast síður reynsla í slíkum málum.

Með úrsögn úr byggðasamlaginu um SKS setjum við það góða starf sem greiningarteymi barna á Suðurlandi hefur sinnt í uppnám. Greiningarteymið hefur fengið tilvísanir frá öllu starfssvæði Hsu og SKS og hefur sú vinna sem þar fer fram skipt sköpum varðandi það að vinna samkvæmt hugmyndafræði snemmtækra íhlutunar. Víðs vegar um landið hefur verið horft til greiningarteymisins sem fyrirmyndar að því hvernig hægt er að sinna þjónustu/snemmtækri íhlutun við börn með frávik heima í héraði.

Öflugt samstarf um sérfræðipjónustu skóla á Suðurlandi hefur leitt ýmislegt gott af sér. Eitt af því er ART verkefnið sem sett var á laggirnar þegar skólar á Suðurlandi upplifðu knýjandi þörf fyrir úrræði fyrir börn með hegðunarraskanir. ART verkefnið er gott dæmi um hvað samstarf margra aðila getur leitt af sér. Það er nánast hægt að fullyrða að slíkt verkefni hefði ekki náð að vaxa og verða að því sem það er í dag ef ekki hefði verið fyrir úthald og seiglu fjölmargra skóla- og sveitarstjórnarmanna á Suðurlandi.

Með úrsögn úr samstarfi um SKS bregst Sveitarfélagið Árborg sínu hlutverki sem stærsta sveitarfélagið á Suðurlandi. Það er ekki góður samstarfsaðili sem ákveður einhliða að segja sig frá margra ára farsælu samstarfi án þess að eiga gagnkvæmar samræður við samstarfsaðila sína og láta sig varða hvaða áhrif það hefur á sérfræðipjónustu í hinum sveitarfélögum. Afar mikilvægt er að sveitarfélögin á Suðurlandi eigi í góðu samstarfi þar sem þeim eru sífellt falin fleiri og flóknari verkefni til þess að sinna. Með því að kljúfa sig út úr samstarfinu um SKS stefnir Sveitarfélagið Árborg samstarfi

sveitarfélaganna í núverandi og framtíðarverkefnum í uppnám. Gott samstarf kemur ekki af sjálfu sér. Það byggir á áralöngu trausti milli aðila, trausti sem maður ávinnur sér með því að sýna raunverulegan samstarfs- og sáttavilja í þeim verkefnum sem maður tekur sér á hendur. Sveitarfélagið Árborg hefur með þessu útspili tekið mikla áhættu varðandi stöðu sína í framtíðarsamstarfi sveitarfélaganna á Suðurlandi. Með þessari ákvörðun er verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni.

Við viljum þakka vinnuhópnum sem sem fékk það hlutverk að fjalla um sérfræðipjónustu skóla hér í Svf. Árborg fyrir gott og óeigingjarnt starf.

Arna Ír Gunnarsdóttir, fulltrúi S-lista.

Andrés Rúnar Ingason, fulltrúi V-lista.

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, gerði grein fyrir atkvæðinu sínu.

„Sú leið sem bæjarstjórn ákvað sl. vor að láta fagaðila skoða og móta framtíðarfyrirkomulag sérfræðipjónustu skóla í sveitarfélaginu, hefur skilað mjög góðu yfirliti um stöðu skólamála í Svf Árborg. Sú ákvörðun að láta taka út sérfræðipjónustu skóla er frumkvöðlastarf sem vafalaust á eftir að nýtast á margvíslegan hátt til framdráttar í almennu skólastarfi á næstu árum. Það er skoðun undirritaðs að ekki eigi að leggja ofuráherslu á skipulagsformið á þjónustunni, heldur miklu fremur hvað þjónustan inniheldur. Ekki er síður mikilvægt að áherslur þjónustunnar stuðli að öfluggu skólastarfi og góðri kunnáttu starfsfólks skólanna til að takast á við þeirra mikilvæga verkefni. Undirritaður trúir því sveitarfélagið geti sjálft sinnt sérfræðipjónustu við skólana, án þess að vera aðili að sérstöku byggðarsamlagi vegna málaflokksins. Ef farin verður sú leið að sveitarfélagið segi sig frá samstarfi um rekstur skólaskrifstofu, ættu ákvarðanir um áherslur og stefnu í málaflokknum að verða einfaldari en í dag. Aðgengi íbúanna að þjónustunni ætti að verða betra,

enda um að ræða mikilvæga grunnþjónustu sem í raun við sjálf eigum að bera ábyrgð á samkvæmt nýlegri reglugerð um leik og grunnskóla. Vinnuhópurinn sem settur var á laggirnar hefur skilað frá sér ákveðinni framtíðarsýn og mælir með ákveðinni leið. Afstaða undirritaðs byggist á því að niðurstaða fjögurra af fimm nefndarmönnum vinnuhóps um sérfræðipjónustu leik- og grunnskóla í Svf Árborg sé sú besta miðað við þær aðstæður sem við búum við í dag.“

Eggert Valur Guðmundsson bæjarfulltrúi S-lista.

Gunnar Egilsson, D-lista, tók til máls og gerði grein fyrir atkvæði sínu og tók undir bókanir Helga S. Haraldssonar, B-lista og Eggerts Vals Guðmundssonar, S-lista.

Kjartan Björnsson, D-lista, tók til máls og gerði grein fyrir atkvæði sínu.

Andrés Rúnar Ingason, V-lista, tók til máls og gerði grein fyrir atkvæði sínu.

– liður 6 a) Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, tók til máls um fundargerð fræðslunefndar frá 14. febrúar, lið 6, málsnr. 1302087 – Framhaldsskóli barnanna- samstarfsverkefni Fjölbrautaskóla Suðurlands og Sveitarfélagsins Árborgar.

Eypór Arnalds, D-lista, tók til máls.

– liður 6 a) Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, tók til máls um fundargerð fræðslunefndar frá 14. febrúar, lið 10, málsnr. 1203169 – Samstarf leik- og grunnskóla.

Eypór Arnalds, D-lista, tók til máls.

– liður 6 a) Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, tók til máls um fundargerð fræðslunefndar frá 14. febrúar, lið 14, málsnr. 1301025 – Aðalnámskrár leik- og grunnskóla.

Helgi S. Haraldsson, B-lista, og Ari B. Thorarensen, forseti bæjarstjórnar, tóku til máls.

– liður 6 a) Eypór Arnalds, D-lista, tók til máls um fundargerð fræðslunefndar frá 14. febrúar, lið 7, málsnr. 1302086 – Þjónustukönnun Capacent – Niðurstöður Árborgar fyrir leik- og grunnskóla haustið 2012.

liður 6 a) Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls um fundargerð fræðslunefndar frá 14. febrúar.

Fundargerðirnar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða að undanskildum þeim liðum sem áður höfðu verið samþykktir.

### **III. 1108086**

#### **Jafnréttisáætlun og framkvæmdaáætlun**

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, Ari B. Thorarensen, forseti bæjarstjórnar, og Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tóku til máls.

Jafnréttis- og framkvæmdaáætlun var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða

### **IV. 1301020**

**Erindisbréf framkvæmda- og veitustjórnar** Gunnar Egilsson, D-lista, tók til máls.

Erindisbréf framkvæmda- og veitustjórnar var borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

### **V. 1301051**

#### **Erindisbréf íprótta- og menningarnefndar**

Erindisbréf íprótta- og menningarnefndar var borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

### **VI. 1302001**

#### **Erindisbréf skipulags- og byggingarnefndar**

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, tók til máls.

Erindisbréf skipulags- og byggingarnefndar var borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

**VII. 1302052**

**Kosning í hverfisráð**

Forseti bæjarstjórnar lagði til að kosningu í hverfisráð verði frestað til næsta fundar.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

**VIII. 1302175**

**Lántökur 2013**

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, fylgdi úr hlaði tillögu um lántöku:

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 265.000.000 kr., í samræmi við samþykkt skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að endurfjármagna hluta af afborgunum lána á gjalddaga hjá Lánasjóði sveitarfélaga á árinu 2013, sbr. 3.gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Ástu Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra, kt. 251070-3189, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. f.h. Sveitarfélagsins Árborgar sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Eyþór Arnalds, D-lista tók til máls.

Lántökur 2013, lán að fjárhæð 265 m.kr. borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.



Fundargerðin lesin upp og fundi slitið kl. 19:53

Eyþór

Arnalds

Sandra Dís Hafþórsdóttir  
Ari Björn Thorarensen

Gunnar Egilsson  
Kjartan Björnsson

Helgi Sigurður Haraldsson  
Eggert Valur Guðmundsson  
Arna Ír Gunnarsdóttir  
Andrés Rúnar Ingason  
Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri  
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari

a